



Menntaskólinn í Reykjavík

Fréttir úr skólastarfi

2.tbl.1.árgangur
Ábm.Elísabet Siemsen

8. mars 2018

ÁGÆTU FORELDRAR OG FORRÁÐAMENN

Niðurstöður jólaþróa liggja nú fyrir. Árangur nemenda var mjög góður. Aldrei hafa jafn margir nemendur náð ágætiseinkunn og meðaleinkunn yfir allan skólann hefur ekki verið hærrí. Það er full ástæða til að óska öllum nemendum og kennurum til hamingju með þennan góða árangur.

FRÆDSLUFUNDUR FORELDRAFÉLAGSINS 22. MARS

Foreldrafélagið blæs til fræðslufundar sem verður haldinn á sal skólans fimmtudaginn 22.mars. Nánari dagskrá verður auglýst á [Facebook-síðu foreldrafélagsins](#).

Foreldrar eru hvattir til að mæta.

HÚSNÆÐISMÁLIN

Eins og áður hefur komið fram hafa skólayfirvöld staðið lengi í baráttu fyrir úrlausn í húsnæðismálum. Rektor ásamt stjórnendum, formanni Hollvínafélags MR og fulltrúa skólanefndar fóru á fund Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra til að kynna fyrir henni stöðuna. Fundurinn var mjög góður og upplýsandi og gerum við okkur vonir um að einhver lausn fari að komast á þessi mál. Ráðherra mun væntanlega heimsækja skólann síðar á skólaárinu og hlökkum við til þess að geta sýnt henni það blómlega starf sem hér fer fram.

FIÐLUBALL

6.bekkur heldur hið eftirsótta Fiðluball næsta fimmtudag í Iðnó. Nemendur hafa æft danssporin af kappi undanfarna daga og koma því vel undirbúnir til leiks.

SOKKABALL

Nemendur 4.bekkar halda síðan á föstudag s.k. sokkabbal að Flúðum. Félagsmála- og forvarnafulltrúar verða á þessum böllum.

OPIÐ HÚS

Verður í skólanum n.k. laugardag, 10.mars. Kennarar, nemendur, námsráðgjafar og stjórnendur taka á móti áhugasömum og kynna starf skólans.

ALLIR VELKOMNIR!

GETTU BETUR

MR liðið keppti sl. föstudag við MH. Leikar fóru þannig að okkar lið vann með töluverðum yfirburðum. Liðið er því komið í fjögurra liða úrslit. N.k. föstudag kemur í ljós hver verður næsti keppinautur okkar liðs.

Lið MR skipa: Ása Bergný Tómasdóttir, Katrín Agla Tómasdóttir og Jóhann Páll Einarsson. Liðsstjórar eru Hlynur Blær Sigurðsson og Magnús Jochum Pálsson.

Við óskum liðinu góðs gengis.

